

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS

frá 6. október 1998

um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/80/EB um framkvæmdarákvæði vegna tilskipunar ráðsins 96/16/EB um tölfræðilegar kannanir vegna mjólkur og mjólkurafurða^(*)

(98/582/EB)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 96/16/EB frá 19. mars 1996 um tölfræðilegar kannanir vegna mjólkur og mjólkurafurða⁽¹⁾ einkum, 2. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 6. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 804/68 frá 27. júní 1968 um sameiginlegt skipulag mjólkur- og mjólkurvörumarkaðarins⁽²⁾ eru sett skilyrði varðandi smjör sem fellur undir opinbert íhlutunarkerfi og smjör sem fellur undir styrk til einkageymslu. Til að smjör geti fallið undir opinbera íhlutun verður það að vera framleitt beint og eingöngu úr gerilsneyddum rjóma. Þetta skilyrði gildir ekki um smjör í einkageymslu. Til að falla undir tiltekna ráðstafanir um styrk til sölu á smjöri á markaði bandalagsins, einkum kerfið sem um getur í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2571/97⁽³⁾, verður smjörið að vera framleitt beint og eingöngu úr gerilsneyddum rjóma.

Mikið magn af smjöri er niðurgreitt í bandalaginu samanborið við heildarframleiðslu og því er nauðsynlegt að koma upp viðeigandi tölfræðigrunni sem gerir kleift að fylgjast með hinum ýmsu smjörtegundum og taka tillit til áðurnefnds greinarmunar.

Til að tryggja örugga stjórnun sameiginlegrar landbúnaðarstefnu, einkum smjörmarkaðarins, þarf framkvæmdastjórnin að hafa nákvæm gögn sem gefa rétta mynd af nákvæmri þróun mismunandi smjörtegunda og annars viðbits.

Í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2658/87 frá 23. júlí 1987 um tollskrár- og hagtöluflokkunarkerfið og sameiginlegu tollskrána⁽⁴⁾ er þegar kveðið á um sundurliðun hinna ýmsu

smjörtegunda eftir kóðum sameinuðu tollnafnaskrárinnar sem notaðir eru í viðskiptum. Í samræmi við þetta er æskilegt að fylgja sömu sundurliðun á smjöri við söfnun hagskýrsluupplýsinga í þessum geira.

Þar af leiðandi ber að breyta ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/80/EB frá 18. desember 1996 um framkvæmdarákvæði vegna tilskipunar ráðsins 96/16/EB um tölfræðilegar kannanir vegna mjólkur- og mjólkurafurða⁽⁵⁾.

Að því er lýtur að tilteknum smjörtegundum og öðru viðbiti er að svo komnu máli látið nægja að kveða á um valfrjálsa söfnun og flutning gagna.

Fastanefndin um landbúnaðarskýrslur (SCAS) skilaði ekki álit í innan þeirra tímamarka sem formaðurinn setti. Því ber ráðinu, í samræmi við 7. gr. tilskipunar 96/16/EB, að samþykkja ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari tilskipun.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

I. og II. viðauka við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/80/EB er breytt samkvæmt viðaukanum við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 6. október 1998.

Fyrir hönd ráðsins

M. BARTENSTEIN

forseti.

^(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 281, 17.10.1998, bls. 36, var nefnd í ákvörðun sameiginlegrar EES-nefndarinnar nr. 124/1999 frá 24. september 1999 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

⁽¹⁾ Stjtið EB L 78, 28. 3. 1996, bls. 27.

⁽²⁾ Stjtið EB L 148, 28. 6. 1968, bls. 13. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1587/96 (Stjtið EB L 206, 16. 8. 1996, bls. 21).

⁽³⁾ Stjtið EB L 350, 20. 12. 1997, bls. 3. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1061/98 (Stjtið EB L 152, 26. 5. 1998, bls. 3).

⁽⁴⁾ Stjtið EB L 256, 7. 9. 1987, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1084/98 (Stjtið EB L 151, 21. 5. 1998, bls. 1).

⁽⁵⁾ Stjtið EB L 24, 25. 1. 1997, bls. 26.

VIÐAUKI

I. viðauka við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/80/EB er breytt sem hér segir:

1. Í stað kóða 23 í skránni yfir mjólkurafurðir komi eftirfarandi:

„Númer afurðar	Heiti afurðar
23	Smjör og annað viðbit samanlagt
231	Smjör
2311	Hefðbundið smjör (*)
2312	Endurrunnið smjör (*)
2313	Mysusmjör (*)
232	Brætt smjör og smjörolía
233	Annað viðbit
2331	Léttsmjör (*)
2332	Annað (*)“

2. Eftirfarandi neðanmálgrein bætist við á eftir skránni yfir mjólkurafurðir:

„(*) Söfnun og flutningur gagna er valfrjálsl.“;

3. Í stað textans undir fyrirsögninni „**SMJÖR (23)**“ í skýringunum komi eftirfarandi:

„SMJÖR (23)

Smjör og annað viðbit samanlagt (23): nær yfir smjör, hefðbundið smjör, endurrunnið smjör, mysusmjör, brætt smjör og smjörolíu og annað viðbit, sett fram í smjörígildum, með mjólkurfítuinnihaldi sem nemur 82% af þyngd afurðarinnar.

— Tafla A: Danmörk: nær aðeins yfir smjör (231),

— Tafla B: Vöruliðina 231 (smjör), 2311 (hefðbundið smjör), 2312 (endurrunnið smjör), 2313 (mysusmjör), 232 (brætt smjör og smjörolía), 233 (annað viðbit), 2331 (léttsmjör) og 2332 (annað) er skylt að skrá eftir þyngd afurðarinnar. Aðeins er skylt að skrá atriði 23 í smjörígildum.

Smjör (231): afurð með mjólkurfítuinnihaldi sem er ekki minna en 80% en minna en 90%, vatnsinnihaldi sem er 16% að hámarki og fitulausu mjólkurþurefni sem er að hámarki 2%.

— Nær einnig yfir smjör með svolitlu magni kryddjurta, krydds, bragðbætandi efna o.fl., að því tilskildu að afurðin haldi einkennum smjörs.

Hefðbundið smjör (2311): afurð framleidd beint og eingöngu úr gerilsneyddum rjóma, með mjólkurfítuinnihaldi sem er ekki minna en 80% en minna en 90%, vatnsinnihaldi sem er 16% að hámarki og fitulausu mjólkurþurefni sem er að hámarki 2%.

Endurrunnið smjör (2312): afurð framleidd úr smjörolíu, fitulausri þurmmjólki og vatni, með mjólkurfítuinnihaldi sem er ekki minna en 80% en minna en 90%, vatnsinnihaldi sem er 16% að hámarki og fitulausu mjólkurþurefni sem er að hámarki 2%.

Mysusmjör (2313): afurð fengin úr mysurjóma eða blöndu úr mysurjóma og rjóma með mjólkurfítuinnihaldi sem er ekki minna en 80% en minna en 90%, vatnsinnihaldi sem er 16% að hámarki og fitulausu mjólkurþurefni sem er að hámarki 2%.

Líðir 2311, 2312 og 2313 ná einnig yfir smjör með svolitlu magni kryddjurta, krydds, bragðbætandi efna o.fl., að því tilskildu að afurðin haldi einkennum smjörs.

Brætt smjör og smjörolía (232):

Brætt smjör: brætt smjör hefur mjólkurfítuinnihald sem er yfir 85% af þyngd afurðarinnar. Hugtakið nær oft, auk brædds smjörs, yfir fjölda annarra svipaðra útvatnaðra smjörtegunda sem eru þekktar undir ýmsum almennum nöfnum svo sem „útvatnað smjör“, „vatnsfritt smjör“, „smjörolía“, „mjólkurfíta“ (mjólkurfítuefni), „smjörþykki“.

Smjörolía: afurð framleidd úr mjólk, rjóma eða smjöri með því að fjarlægja vatn og fitulaust þurrefni og sem hefur mjólkurfítuinnihald sem er að lágmarki 99,3% af heildarþyngd og vatnsinnihald sem er að hámarki 0,5% af heildarþyngd.

- Nær einnig yfir útunna olíu úr smjöri („ghee“).
- Varðar aðeins beina framleiðslu úr rjóma til að koma í veg fyrir tvítalningu.

Annað viðbit (233):

Léttsmjör (2331): afurð sem líkist smjöri, með mjólkurfítuinnihaldi sem er minna en 80% af þyngd (fyrir utan aðra fitu). (Vörulýsing: samkvæmt þætti A í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2991/94 ⁽¹⁾: „þrír fjórðu feitt smjör“, „hálffeit smjör“ og „mjólkurviðbit“).

Annað (2332): einkum fita gerð úr efnun úr jurta- og/eða dýraríkinu: átt er við smyrjanlega þeytu í föstu formi, aðallega af gerðinni „vatn í olíu“, sem unnin er úr fastri og/eða fljótandi fitu úr jurta- og/eða dýraríkinu, hæfa til manneldis, þar sem mjólkurfítan er á milli 10% og 80% af fítuinnihaldi (vörulýsing samkvæmt þætti C í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2291/94: „blanda“, „þrír fjórðu feit blanda“, „hálffeit blanda“ og „blandað viðbit“).

Tafla B: ef léttsmjör (2331) og/eða „annað“ (2332) er framleitt úr smjöri sem kemur frá sama mjólkurbúi og smjörtegundin sem ekki er unnt að bera kennsl á (2311, 2312 eða 2313) eru upplýsingarnar í lið 23 notaðar og viðkomandi magn af smjöri tilgreint.

⁽¹⁾ Stj. tíð. EB L 316, 9.12.1994, bls. 2.“

II. viðauka við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/80/EB er breytt sem hér segir:

1. Í töflu B „RÁÐSTÖFUN“ komi eftirfarandi í stað liðar nr. 23 „Smjör og annað viðbit“:

„Númer	B. RÁÐSTÖFUN
23	Samanlagt smjör og annað viðbit samtals
231	Smjör
2311	Hefðbundið smjör (*)
2312	Endurunnið smjör (*)
2313	Mysusmjör (*)
232	Brætt smjör og smjörolía
233	Annað viðbit
2331	Léttsmjör (*)
2332	Annað (*)“

2. Eftirfarandi neðanmálgrein bætist við á eftir töflu B:

„(*) Söfnun og flutningur gagna er valfrjáls.“